

## Borgarstjórn Reykjavíkur 4. mars 2025

### **Tillaga borgarfulltrúa Viðreisnar um hagræðingu í rekstri til að mæta kostnaði við nýgerða kjarasamninga kennara.**

Lagður er til sparnaður uppá 657 milljónir kr. eða 3.3 milljarða kr. í gildandi 5 ára áætlun með því að leggja niður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur og finna lögbundnum verkefnum hennar nýjan staður innan borgarinnar.

Að hætta við verkefnið Hverfið mitt og leggja niður hverfapotta.

Að hætta við nýsamþykktar breytingar á mannréttinda og ofbeldisvarnarráði og að það ráð ásamt stafrænu ráði verði lögð niður og verkefnum fundinn viðeigandi staður í fagráðum borgarinnar. Einnig er lagt til að fjölmenningsráð, öldungaráð og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks verði breytt í undirnefndir Velferðarráðs Reykjavíkur.

### **Greinargerð:**

Í nýrri samstarfsyfirlýsingu Samfylkingar, Pírata, Sósíalistasflokksins, Flokks fólksins og Vinstri grænna um lífsgæði í Reykjavík segir „Við ætlum að forgangsraða grunnþjónustu, fara betur með tíma og fjármuni borgarinnar og sýna ráðdeild í rekstri.“ Viðreisn í Reykjavík fagnar því að fara eigi betur með fjármuni borgarinnar og vill gjarnan leggja sitt af mörkum til að ná betri árangri í rekstri borgarinnar svo hægt sé að forgangsraða grunnþjónustu borgarinnar. Því er lagður til sparnaður um allt að 3.3 milljarða kr. í samþykktari 5 ára áætlun Reykjavíkurborgar.

Kostnaður við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu er áætlaður í fjárhagsáætlun 371 milljón kr. 250 milljónir kr. eru áætlaðar í verkefnið Hverfið mitt og er kostnaður við ráðin tvö um 18 milljónir kr. hvort um sig. Samtals gera þetta 657 milljónir kr. á ársgrundvelli sem er þá um 3.3 milljarðar kr. í gildandi 5 ára fjárhagsáætlun, á verðlagi dagsins.

Ástæða þess að lagt er til að heil skrifstofa verði lögð niður er sú staðreynd að í maí næstkomandi mun Mannréttindastofnun Íslands taka til starfa sem sjálfstæð stofnun undir Alþingi, með það meginhlutverk að efla og vernda mannréttindi á Íslandi. Stofnunin mun starfa í samræmi við Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir. Verkefni hennar munu meðal annars fela í sér mannréttindaeftirlit, ráðgjöf til opinberra- og einkaaðila, rannsóknir, fræðslu og aðstoð við almenning. Einnig munu réttindagæslumenn fatlaðs fólks starfa innan stofnunarinnar.

Augljóst er að ríkið mun nú sinna mannréttindamálum af metnaði og festu og því engin ástæða til þess að eitt sveitarfélag sé í sömu verkefnum með tilheyrandi kostnaði og mannafla, en nú eru um 12 stöðugildi inná mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Það kemur skýrt fram að ný Mannréttindastofnun á að veita ráðgjöf til opinberra aðila s.s sveitarfélaga, ásamt því að vinna að rannsóknum og fræðslu.

Mannréttindi eru ekki málaflokkur sem á að standa einn og sér heldur vera samofinn öllum verkþáttum borgarinnar við ákvörðunartöku hvort sem er í velferð, skipulagsmálum eða öðru. Skrifstofan vinnur að margskonar verkefnum og þeim sem ekki verður fyrir komið á nýrri Mannréttindastofnun verði fundinn staður á öðrum sviðum.

Lykilatriði er að við þessar breytingar falli mannréttindi ekki milli skips og bryggju heldur séu áfram lykilstef í þjónustu borgarinnar við Íbúa sína

Einnig er lagt til að hætta með mannréttinda og ofbeldisráð ásamt stafrænt ráð þar sem það er mat Viðreisnar að hér sé um að ræða tilraun sem var tilraunarinnar virði en komið hafi í ljós að ekki sé knýjandi þörf fyrir ráðin tvö og verkefni sem þar voru geti á auðveldan hátt verið felld inn í verkefni fagráða borgarinnar.

Einnig hafa verkefnin Hverfið mitt og hverfapottar runnið sitt skeið. Undanfarin ár hafa íbúar borgarinnar haft kost á því að koma með hugmyndir fyrir hverfið sitt og fengið kosningu um það hvort verkefnið fer í framkvæmd. Verkefnið átti sannarlega sinn blómatíma sem nú er liðinn. Mikilvægt er einnig í þróun á samfélagsverkefnum að þau séu endurskoðuð reglulega og að kjarkur sé til þess að hætta og leggja af. Slíkt á við um ráðin tvö og hverfapotta að mati Viðreisnar.

Þegar betur stendur á mætti skoða að taka upp verkefni á við Hverfið mitt í annarri mynd sem ekki væri árlegt enda verkefnin mörg frábær og auka lífsgæði íbúa. En tæplega eru þau hluti af grunnþjónustu borgarinnar.